

Gjaldskrá þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1988 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 572, 18. desember 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 27. apríl 1988.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 206

18. apríl 1988

GJALDSKRÁ

**fyrir eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu
varðandi köfunarmál.**

1. gr.

Eigandi köfunarbúnaðar, sem ætlaður er til nota við köfun í atvinnuskyni, greiðir eftirfarandi gjöld fyrir skráningu og skoðun hans:

	kr.
Grunngjald skráðs köfunarbúnaðar	1 200,00
(Skráningarskyldur köfunarbúnaður er lunga, heilgríma, hjálmur og loftþjappa).	
Fyrir greiningu lofts (þrjú rör)	1 000,00
Fyrir Dragerrör til loftgreiningar	300,00

Fyrir skoðun búnaðar greiðir eigandi búnaðarins laun starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins þann tíma er skoðunin tók og annan útlagðan kostnað, þó eigi dagpeninga og ferðakostnað.

2. gr.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirgreind gjöld:

Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	2 700,00
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	1 000,00

3. gr.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 12, 13. apríl 1976 um kafarastörf, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1988, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 42, 17. janúar 1986.

Samgönguráðuneytið, 18. apríl 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.